

til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar.

(Eftir 3. umr. i Ed.)

#### 1. gr.

Á meðan Norðurálfuófriðurinn stendur er landsstjórninni heimilt að veita sýslufjelögum, bæjarfjelögum og hreppsþjelögum lán, til þess að afstýra verulegri neyð, að dómi sveitarstjórna, af dýrtíð og matvælaskorti.

Lánin standi vaxta- og afborganalaus, þar til 2 ár eru liðin frá ófriðarlokum, en endurgreiðast á næstu 13 árum frá þeim tíma með 10% árlegri greiðslu af hinni upprunalegu lánsupphæð.

Landsstjórnin setur nánari ákvæði um lán þessi, úthlutun þeirra og notkun. Skal leitast við að verja þeim meir til atvinnubóta en hallærissstyrks beinlinis.

#### 2. gr.

Ef nauðsyn krefur, skal landsstjórninni heimilt að veita lán, samkv. 1. gr., í vörum, með sömu kjörum sem þar segir.

#### 3. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja bæjarstjórnum og sýslunefndum 2800 smálestir af kolum á 125 kr. lestina á staðnum, þar sem kolunum er skipað á land i sýslunni eða kaupstaðnum. Skiftist kolaforði þessi niður á sýslu- og bæjarfjelög þannig, að hvert þeirra fái við þessu verði sem næst þriðja hluta af kolaforða þeim, er talinn verður nægja þeim næsta veturn til heimilisnotkunar. Verðmunurinn greiðist úr landssjóði.

Sýslu- og bæjarfjelög selja kol þessi aftur, án hagnaðar, þeim er helst þurfa hjálpar með, og má vera mismunandi verð á þeim eftir ástæðum kaupanda.

#### 4. gr.

ENN fremur er landsstjórninni heimilt, á meðan Norðurálfuófriðurinn stendur, að verja fje úr landssjóði til atvinnubóta, svo sem til þess að undirbúa stórhýsi, er sýnilega þarf að reisa innan skamms, hafnargerðir, vita, brýr og vegi, og til að reka matjurtarækt í stærri stil, námugróft eða önnur nauðsynjafyrirtæki.

#### 5. gr.

NÚ veita hreppsþjelög eða kaupstaðir einstökum mönnum lán, þeim til framfærис, eftir 15. sept. 1917 og þar til 3 mánuðum eftir ófriðarlok, og skulu þau lán eigi talin sveitarstyrkur.

Lög þessi raska eigi gildandi ákvæðum laga um skifti hreppa á meðal um endurgreiðslu framlaga, er maður fær af dvalarsveit sinni.

6. gr.

Til framkvæmda þessum lögum heimilast landsstjórninni lántaka, svo sem þörf krefur.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.